

## Eistnaskoðun stóðhesta.

Helstu áhersluatriði eru eftirfarandi:

- Stinnleiki eistna.
  - I Góður stinnleiki, eistað þétt og fast viðkomu.
  - II Þokkalegur stinnleiki, eistað sæmilega vel þétt viðkomu.
  - III Stinnleiki ekki fyrir hendi, eistað lint og mjúkt.
- Snúa eistun rétt, eistnalyppur eiga að vera aftaná eistanu.
- Ekkert eista eða aðeins eitt.
- Eistu óeðlilega smá.
- Annað eistað mikið minna en hitt, 50% munur eða meira að rúmmáli.  
Reikniregla =  $0,5233 \times L \times B \times H$  í cm.
- Heildarbreidd pungs TSW minna en 8 cm.
- Parmar finnast í pung.
- Ef athugasemdir eru gerðar af mælingamanni eiga dómara að skera úr um framhaldið. Ef einhverjar af ofantöldum athugasemdum eiga við, fær eigandi hestsins tvær vikur til að hnekkja álit dómara með skriflegum úrskurði frá dýralækni sem berast skal til hrossaræktarráðunauts.
- Ef ekki næst að skoða og mæla eistu á fullnægjandi hátt, þarf eigandi að skila dýralæknisvottorði um eistna heilbrigði gripsins. Að öðrum kosti er sett athugasemd í WorldFeng um að heilbrigði hafi ekki verið vottað af dómnefnd.